

## **22. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 9. júlí 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúdvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir og Ragnar Mar Ragnarsson.

### **1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

- a) Framkvæmdum við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík er að ljúka. Smá lokafrágangur er eftir við stigaljós, fríholt og eftirlitsmyndavélar.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss en búið er að steypa gangstétt og bílplan við húsið.
- c) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunrkрана, stigaljós og tengja vatns og raflagnir.
- d) Búið er að raða grjóti og ganga frá sjóvarnaframkvæmdum við Hvalsá við Ólafsbraut ásamt frágangi í grjótnámu. Framkvæmdum lokið.
- e) Vegagerðin bauð út framkvæmdir vegna sjóvarna við Keflavíkurgötu á Hellissandi og á Barðastöðum í Staðarsveit þann 15.04. s.l. Tilboð voru opnuð þann 07.05. s.l. og var lægsta tilboðið frá Flakkarnun ehf. á Brjánslæk. Verksamningur hefur verið undirritaður við lægstbjóðanda og hefjast framkvæmdir í júlí 2024.
- f) Búið er að merkja bílastæði á hafnarsvæðum Rifshafnar og Ólafsvíkurhafnar og á bílastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Bílastæðið við Bárð Snæfellsás á Arnarstapa var merkt í leiðinni. Framkvæmdum lokið.
- g) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.

### **2) Ævar fór yfir framkvæmdir:**

- a) Unnið var við að setja gervigras á leikskólalóðina á Krílakoti í maí og er því lokið.
- b) Setur var upp veggur fyrir listaverk Erró og er verkið komið á vegginn. Búið er að jafna jarðveginn kringum verkið og næst er að steypa stétt.
- c) Sett var upp grindverk við salernishúsið á Arnarstapa en hurðir voru að fjúka upp og skemmast.
- d) Unnið er við stækkun á Lýsuhóli og vonandi klárast þær framkvæmdir í þessum mánuði..
- e) Stækkun leikskólans í Ólafsvík er í gangi og staðan í dag er sú að verðið er að smíða tengibyggingu á milli eldra húss og þess sem sett var niður.
- f) Gangstéttir og götur voru sópaðar.
- g) Lagaðar læsingar á salernishúsi á Arnarstapa og sett upp greiðslukerfi.
- h) Farið yfir sauðfjárgirðingar í þéttbýlinu og þær lagaðar.
- i) Unnið við lagfæringar á sláttuvélum fyrir sumarið.

### **3) Leifur fór yfir framkvæmdir**

- a) Lokið var við framkvæmdir við íbúð101og 201 í Vallholti 19. Málað og skipt um glugga. Sameign líka máluð og skipt um hitakút.
- b) Í Engihlið 20 íbúð 101, var endurbyggður veggur við svaladyr.
- c) Farið yfir tjaldstæðishúsin fyrir sumarið og unnið ýmis smáverk á þeim.
- d) Önnur smá verkefni í hinum fasteignum.

### **4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamanvirkjum:**

- a) Hafin er vinn við að mála grunnskólann í Ólafsvík að utan.
- b) Búið er að mála miðrymið í grunnskólanum í Ólafsvík.

- c) Búinn að taka til í fyrrum vinnuaðstöðu kennara í Ólafsvík og er hún fullbúin sem fundaraðstaða.
- d) Unnið hefur verið að gera klára nýja aðstöðu fyrir kennara í grunnskólanum í Ólafsvík.
- e) Skólalóðir voru þrífarnar í vor á Hellissandi og í Ólafsvík.
- f) Skipt um körfuboltaspjöld á lóðinni við grunnskólann í Ólafsvík.
- g) Unnið var við viðgerðir á gólfdukk í eldhúsi við grunnskólann í Ólafsvík.
- h) Borið á klæðningu á „kálfinum“ í Ólafsvík.

**5) Matthías (er í sumarfrí) Kristinn fór yfir framkvæmdir í íþróttamannvirkjum/slökkviliði:**

- a) Frágangur við rennibrautina kláraður, tengingar og tartan og hún síðan opnuð formlega.
- b) Unnið hefur verið við múrviðgerðir á íþróttahúsinu í Ólafsvík og vonandi klárast þær í þessum mánuði.
- c) Hafin er vinna við að setja nýjan dúk á þak íþróttahússins í Ólafsvík og klárast það verk í þessum mánuði.
- d) Unnið við ýmis minni verkefni í sundlaugarkjallara.
- e) Gamli slökkvibílinn var sóttur til Njarðvíkur.
- f) Regnboginn málaður við Kirkjutún.
- g) Fór í nokkrar útektir vegna rekstrarleyfa.

**6) Ragnar/Smári/Valgerður fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a) Búið er að skipta út öllum gluggum í Ráðhúsinu nema þakgluggum sem stefnt er að klárað verðu í ágúst.
- b) Búið er að ganga frá lóðinni við Höllina, tyrfa og mála bílastæðin.
- c) Unnið hefur verið við að undirbúa að koma nýju sorpkerfi á laggirnar og verða tunnur og fleira settar til íbúa í júlí og ágúst.
- d) Unnið að undirbúningi málningu fasteigna.

**7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:**

- a) Unglingavinnan hóf störf í byrjun júní og hafa þau sinnt hinum ýmsu störfum.

8) Næsti fundur verður miðvikudaginn 14. ágúst kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25